

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>		
Útgáfa: 07			
Dags.: 08.04.2010	<b>LIM 203</b>		
Höfundur: GLÁ	<b>Kennsluáætlun haust 2011</b>		
Samþykkt: HJS			
Síða 1 af 3			

**Kennari**

Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is, viðtalstími þriðjudaga 11:20-12:00

## Áfangalýsing

Nemandinn kynnir sér menningarumhverfi eigin samtíma. Farið verður í skilgreiningar á algengum hugtökum í menningarumræðu samtímans og ólík viðhorf sem birtast í þeiri umræðu kynnt. Námið byggist á virkri þátttöku nemandans og frumkvæði þar sem hann kynnist því sem er að gerast í menningarlífina og metur það út frá eigin forsendum og fjallar um í hópi samnemenda. Hlutverk kennarans er að aðstoða nemendur við undirbúning og úrvinnslu athugana sinna með því að tengja þær við hugmyndafræði og menningarsögu.

## Markmið

Að nemamandinn...

- skoði og skilgreini listir og menningu líðandi stundar
- geti kynnt athugarir sínar og niðurstöður á skilmerkilegan og fjölbreytilegan hátt
- geti tekið virkan þátt í umræðu um listir og menningu
- geti lagt mat á eigin upplifanir og borið saman við ólík viðhorf
- geti greint, borið saman, og gagnrýnt hönnun, listviðburði, lífsstíl eða fjölmiðla í samtímanum
- geti fjallað um stöðu listar og hönnunar út frá menningar- og sögulegu samhengi
- geti fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðsskap, nýjar stefnur og lífsstíl
- geti rætt fagurfræðileg og táknafræðileg álitamál og áttað sig á möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun

## Námslýsing

Fjallað er um efnið með fyrilestrum, vettvangsferðum, umræðum og verkefnavinnu. Nemendur vinna verkefni sem einstaklingar og/eða í hópum. Gestafyrirlesarar fjalla um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum. Verkefnavinna, gestafyrirlestrar og ýmislegt það sem vekur athygli nemenda og kennara og tengist viðfangsefnum áfangans verður til umræðu í tínum og leitast verður við að skapa rökræður um viðfangsefnin. Mikið er lagt upp úr opinni og rannsakandi umræðu og því nauðsynlegt að við sýnum hvert öðru virðingu og séum virk.

## Úrkippubók

Nemandinn býr til úrkippubók þar sem hann safnar saman ýmsu menningartengdu efni úr fjölmiðlum og víðar sem vekur áhuga hans og skrifar um það athugasemdir eða setur fram á annan þann hátt sem hann kýs. Nemandinn getur unnið á myndrænan hátt, gert klippimyndir eða bara límt inn aðgangsmiða, nammibréf eða hvað sem honum finnst sýna samtímann.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	<b>LIM 203</b>	
Samþykkt: HJS	<b>Kennsluáætlun haust 2011</b>	
Síða 2 af 3		

Eigin pælingar um listir og menningu okkar tíma. Hvernig birtast listir og menning í ykkar lífi? Hvaða myndir horfið þið á? Hvað finnst ykkur merkilegt, skemmtilegt, asnalegt, fyndið, hættulegt o.s.frv?

Í úrkippubókina vinna nemendur einnig ákveðin viðfangsefni sem kennari setur fyrir. Hver nemandi hannar sína bók á persónulegan hátt. Hún má vera í rafrænu formi.

**Innkaup** Úrkippubók og leikhúsmiði.

### Námsmat

Metin er þáttaka nemanda, virkni, vinnuframlag og frumkvæði.

4 skrifleg verkefni 40/45%

Úrkippubók og tímaverkefni 30/35%

Virkni, þáttaka í atburðum og umræðum, ástundun 20%

Mæting 5%

Próflaus áfangi, 100% mætingarskylda.

### Með fyrirvara um breytingar

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósóttu vinnu í eitt ár án ábyrgðar



**...hvernig lítur hann eiginlega út þessi nútími...  
...er hann eitthvað öðruvísi en aðrir nútímar...**

## Gangi ykkur vel

Dagsetning:

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 07
Dags.: 08.04.2010
Höfundur: GLÁ
Samþykkt: HJS
Síða 3 af 3

## Verkmenntaskólinn á Akureyri

LIM 203  
Kennsluáætlun haust 2011

